| Kennari | Páll Hlöðvesson | Sk.st. | PHL |
|---|---|---|---|

Undanfari: HÖS 102

## Áfangalýsing:

Að loknu námi í þessum áfanga á nemandi að hafa kynnst og öðlast skilning á grunnþáttum skipahönnunar og þeim lögmálum sem skip þurfa að lúta til þess að þau teljist örugg og fullnægi helstu hönnunarkröfum um burðargetu og hagkvæmni í rekstri. Í áfanganum á nemandi að öðlast þekkingu á álagi frá sjó og farmi á skipsbol og þilför, skilning á samspili særýmis og fríborðs gagnvart eigin þyngd skips og hleðslu þess. Nemandinn á að hafa skilning á þeim kröftum sem ráða stöðugleika skipa, þeim þáttum sem hafa áhrif á stöðugleikann og hvernig samspili þessara krafta háttar fyrir mismunandi gerðir og hleðslu skipa. Nemandinn öðlast þekkingu og skilning á þeim þáttum sem ráða siglingamótstöðu skipa, þeim þáttum sem geta haft áhrif á mótstöðuna og geta lagt mat á aflþörf skips og gerðar skrúfubúnaðar á grundvelli mótstöðuferils til að ná tilteknum ganghraða. Á grundvelli upplýsinga um mótstöðuferil skips á nemandi að geta lagt mat á eldsneytisnotkun við mismunandi ganghraða.

## Markmið:

Að nemandi:

- o þekki grundvallarhugtök og heiti særýma, hleðslu og stöðugleika skipa
- o þekki grunnþætti skipahönnunar
- o þekki þá þætti sem ráða siglingamótstöðu skipa og hvernig sú mótstaða er háð hraða skipsins
- o geti skilgreint helstu hugtök stöðugleikans
- o geti dregið upp stöðugleikaferil
- o geti útskýrt hvaða þættir hafa áhrif á legu stöðugleikaferils og þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar til að skip teljist öruggt
- o geti reiknað gróflega út áhrif óhefts yfirborðs vökva og áhrif þess á stöðugleika skipa

**Námsmat og vægi námsþátta:**

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Frammistaða á önn | Fjögur heimaverkefni (4*4%) | 16% |
| Skriflegt | Lokapróf | 70% |
| Skyndipróf | Tímaverkefni (2*7%) | 14% |
| Leyfð hjálpargögn í prófi | Formúlublöð, vasareiknir, skriffæri og teikniáhöld | |

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti | Kaflar | Tímafj. | Verkefni |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Kynning: Mótstaða og framdrift skipa, kaflar | 1.1–1.2 | 4 | |
| 3 | Núningsmótstaða, öldumyndunarmótstaða, Heildarmótstaða | 1.1–1.2 | 4 | |
| 4 | Líkantilraunir, skrúfufræðin | 1.8–1.9 | 4 | H–1 |
| 5 | Skrúfufræðin, framdrifsnýtistuðlar | 1.9–1.10 | 4 | |
| 6 | Skrúfuútreikningar | 1.11 | 4 | H–2 |
| 7 | Samspil skips og skrúfu, ýmsar prófanir | 1.12–1.13 | 4 | |
| 8 | Aðalvélar–, framdrifs– og orkuframleiðslukerfi, mismunandi kerfi, afl– og orkumælingar um borð. Dæmi um afl– og orkumælingar um borð í fiskiskipum, almennt um sparnaðarleiðir, olíunotkun við veiðar. | 1.12–1.13<br>2.4–2.6 | 4 | T–115 |
| 9 | Sjávaröldur, öldufræði, hreyfingar skipa í öldum. Búnaður til að hamla veltu. Titringur í burðarvirki. | 3.1–3.2<br>3.3–3.4 | 4 | H–3 |
| 10 | Særými, hleðsla og stöðugleiki skipa. | | 4 | |
| 11 | Særými, hleðsla og stöðugleiki skipa. | | 4 | |
| 12 | Særými, hleðsla og stöðugleiki skipa. | | 2 | |
| 13 | Særými, hleðsla og stöðugleiki skipa. | | 4 | H–4 |
| 14 | Páskafrí | | 4 | |
| 15 | Páskafrí, upprifjun | | 2 | T–2 |
| 16 | Upprifjun | | 4 | |
| 17 | Upprifjun | | 4 | |

## Námsgögn:

| Tegund | Námsgögn |
|---|---|
| Bækur | Stuðst er við: Kennsluheftið “Hönnun skipa HSK–203” eftir Emil Ragnarsson (mars 2004/janúar 2006).<br>Vikur 10-13: Særými, hleðsla og stöðugleiki skipa: Efni frá kennara. |
| Tímarit | Tilvísanir í tímarit og bækur í kennsluhefti. |
| Annað (t.d. ítarefni) | Ítarefni um toggetu skipa, orkubúskap fiskiskipa. |

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**